

Velkomin í Barnaból



Barnaból er tveggja deilda aldursskiptur leikskóli. Sel er yngri deildin og þar eru börn á aldrinum 1 árs til 3 ára og Stekkur er eldri deildin og eru þar börn á aldrinum 3 til 6 ára.

Símanúmer: 468-1303

Leikskólastjóri: Halldóra Jóhanna Friðbergsdóttir

halldoraf@langanesbyggd.is

Nafn deildar: _____

Deildarstjóri: _____

Aðrir kennarar deildarinnar:

Efnisyfirlit

Aðlögun.....	3
Að heilsast og kveðjast.....	3
Stundvísi	3
Fríðagar og veikindi.....	4
Breytingar á högum barnsins	4
Hverjir sækja börnin.....	4
Opnun leikskólans.....	4
Uppsögn	4
Óskir um breytingar á leikskólaplássi.....	5
Afmæli.....	5
Starfsdagar, námskeiðsdagar og kennarafundir.....	5
Drepið á bílnum	5
Skóladagatal	5
Heimasíða leikskólans.....	5
Leikskólagjöldin	6
Bleyju áskrift.....	6
Klæðnaður	6
Fatamerkingar	7
Óhöpp og slys	7
Foreldrafélagið	7
Foreldraráð.....	7
Opnunartími leikskólans	7

Aðlögun

Þegar barn byrjar í leikskóla verða miklar breytingar í lífi þess. Barnið er að ganga inn í nýjan heim þar sem það þarf að aðlagast nýju umhverfi, kynnast kennurum og börnum sem fyrir eru, læra að vera í hóp og hlíta þeim reglum sem gilda í leikskólanum. Þess vegna er mikilvægt að gefa hverju barni þann tíma sem það þarf svo það sé tilbúið til að takast á við starfið. Leikskólinn verður stór þáttur í lífi barnsins og til að kennari geti skilið þarfir þess sem best er mikilvægt að hann þekki til aðstæðna utan leikskóla. Foreldrar eru því beðnir um að láta vita í leikskólann ef heimilisaðstæður breytast þannig að þær hafi áhrif á líf barnsins.

Við á Barnabóli notumst við svo nefnda þátttökuaðlögun. Þessi aðferð felst í því að allir foreldrar og börn sem eiga að byrja á sömu deild mæta saman í leikskólann. Foreldrum stendur til boða að koma á fund í leikskólanum með öllu starfsfólki deildarinnar. Þar kynnir starfsfólk sig og leikskólann og fara deildarstjóri og leikskólastjóri yfir aðlögunina það sem fram undan er, stefna leikskólans er kynnt og farið er yfir hlutverk kennara annars vegar og foreldra hins vegar. Fyrsta daginn mæta foreldrar með börnum sínum klukkan 9:30 og eru með þeim til klukkan 11:30. Næstu tvo daga mæta þeir svo með barnið klukkan 8:30 og eru með þeim til klukkan 15:00. Foreldrar sjá sjálfir um sitt barn, skipta á því, gefa því að borða og eru með því allan daginn nema þegar þau sofa. Kennarar deildarinnar taka að sjálfsögðu einnig þátt, skipuleggja daginn og deila út verkefnum. Fjórða daginn koma börnin svo á sínum tíma að morgni, kveðja foreldra og eru allan sinn vistunartíma. Einstaka börn hafa foreldra sína fjóra daga en reynslan sýnir að þau eru fá. Aðlögunartíminn getur oft verið gríðarlega erfiður, fyrir börn, kennara og foreldra. Stundum er mikið grátið og þá þarf sterk bein hjá kennurum. Með þessari aðferð hefst allt vetrarstarf fyrr og álag á börn, foreldra og kennara er minna.

Að heilsast og kveðjast

Við leggjum mikla áherslu á að bjóða góðan daginn á morgnana þegar börn og foreldrar mæta í leikskólann og eins að kveðja í lok dagsins. Það er frábært ef foreldrar taka þátt í því með okkur að kenna börnunum þessar kurteisvenjur. Með þessu móti finna bæði foreldrar og börn að þau eru velkomin og verður þá aðskilnaðurinn auðveldari.

Stundvísí

Klukkan 9:00 byrjar hópastarfið og þá er mikilvægt að allir séu mættir og komnir á sinn stað. Þeir sem mæta of seint missa oft af einhverju skemmtilegu og svo getur verið erfitt að koma inn í hóp sem þegar er kominn af stað í verkefni eða leik. Það getur líka truflað hina krakkana og kennarann sem þarf kannski að byrja upp á nýtt á því sem hann var að gera.

Frídagar og veikindi

Við biðjum ykkur um að láta okkur vita ef barnið kemur ekki í leikskólann eða mætir of seint. Hægt er að hringja eða skrá þetta sjálfur í Völu appinu. Sérstaklega er það mikilvægt ef barnið ykkar veikist af barnasjúkdómum eða öðrum smitsjúkdómum svo við getum gert öðrum foreldrum viðvart og þeir séu þá vakandi fyrir því. Leikskólinn er ætlaður frískum börnum og tekur því ekki við börnum sem eru alveg að veikjast eða orðin veik. Þetta á einnig við þó að barnið sé hitalaust s.s. mikið kvefað eða með magapest. Eftir veikindi getur barnið fengið að vera inni einn dag enda sé það búið að vera hitalaust heima í lágmark einn dag. Við sérstakar aðstæður gerum við að sjálfsögðu undantekningar og best er að ræða það við deildarstjóran.

Breytingar á högum barnsins

Oft geta lítil atvik í lífi barnsins valdið breytingum á hegðun þess og því er nauðsynlegt að láta okkur vita ef einhverjar breytingar eiga sér stað. Stærri atvik eins og skilnaður foreldra, flutningar, nýir fjölskyldumeðlimir, veikindi og annað slíkt getur valdið miklu tilfinningaróti hjá barninu og þá er mikilvægt að heimili og skóli vinni saman í því að hjálpa barninu að vinna úr því.

Hverjir sækja börnin

Vinsamlegast látið okkur vita ef einhverjir aðrir en foreldrar koma og sækja börnin, sérstaklega ef það er einhver ókunnugur eða einhver sem ekki er vanur að sækja það. Við munum ekki senda barnið heim með ókunnugum öðruvísi en okkur sé gert viðvart. Börn undir 11 ára aldri mega ekki sækja börn í leikskólann.

Opnun leikskólans

Leikskólinn opnar klukkan 7:45 alla morgna og hann lokar kl. 16:15 alla daga nema föstudaga þá lokar leikskólinn 14:15. Foreldrum stendur til boða að kaupa auka korter. Þá að koma með barnið 7:45 og svo að sækja 16:15, borga þarf fyrir þetta sérstaklega. Eru þeir foreldrar vinsamlegast beðnir um að snúa sér til skólastjóra. Vistunartíminn miðast við að foreldrar séu að labba út með börnin t.d. kl.16:00.

Uppsögn

Uppsögn á leikskólaplássi þarf að vera skrifleg og verður að berast til skólastjóra með a.m.k. hálfs mánaðar fyrirvara. Uppsögn skal miðast við 1. eða 15. hvers mánaðar. Segja þarf upp skriflega t.d. með tölvupósti til leikskólastjóra. Sjá má reglurnar [hér](#).

Óskir um breytingar á leikskólaplássi

Ef upp kemur sú staða að foreldrar þurfi á styttri eða lengri tíma fyrir barnið í leikskólanum á dag er hægt að sækja um á [umsóknarvef](#) Völu. Óskir um breytingar á dvalartímanum þarf að fara í gegnum umsóknarvefinn og verður breytingin að vara a.m.k. í þrjá mánuði. Ekki er víst að alltaf sé hægt að koma til móts við allar óskir strax því það fer að sjálfsögðu eftir fjölda barna og aðstæðum á deildinni. Þetta á sérstaklega við ef óskað er eftir lengingu á tímanum.

Afmæli

Þegar barn á afmæli í leikskólanum höldum við upp á það á okkar hátt. Barnið fær kórónu og bíður krökkunum upp á ávexti. Kveikt er á kertum fyrir afmælisbarnið og þjóðfáni þess hafður hjá, afmælissöngurinn sunginn og farið er í leiki. Leikskólinn sér um veitingarnar.

Starfsdagar, námskeiðsdagar og kennarafundir

Starfsdagar eru 5 á ári og einn skipulagsdagur er í upphafi skólaárs. Þessir dagar eru allir settir inn á skóladagatalið sem kemur út í apríl/maí ár hvert.

Drepið á bílnum

Við óskum eftir því að þið drepið alltaf á bílnum ykkar þegar komið er með barnið í leikskólann eða þegar það er sótt. Þar sem púströrið er passlega í hæð barnanna anda þau útblásturs reyknunum enn frekar að sér en við fullorðna fólkið og börnin okkar eiga rétt á ferska og góða loftinu sem við Íslendingar erum svo stolt af.

Skóladagatal

Skóladagatal leikskólans er gefið út á hverju hausti. Þá eru allar lokanir settar inn á dagatalið, þ.e. hvenær starfsdagar eða stuttir dagar eru, fyrir utan rauðu dagana sem eru lögbundnir frídagar. Foreldraráð gefur umsögn um skóladagatalið og Velferðar-og fræðslunefnd þarf að samþykka það. Ekki er hægt að gera breytingar á skóladagatali nema með samþykki Velferðar- og fræðslunefndar. Einnig er dagatal fyrir hvern mánuð og þar kemur fram hvað er að gerast í leikskólanum, hvaða þemu eru í gangi hverju sinni og hvaða spennandi upptæki eru á döfinni. Það er yfirleitt sett á Facebook síðu leikskólans. Skóladagatalið er alltaf aðgengilegt á heimasíðu leikskólans.

Heimasíða leikskólans

Leikskólinn er með heimasíðu og er slóðin bbol.is. Síðan er bæði einföld og þægileg í notkun fyrir foreldra og kennara og eru allar helstu upplýsingar um leikskólann settar þar inn. Allar myndir eru merktar og fara þær myndir sem merktar eru hverju barni inn á svæði sem foreldrar hafa aðgang að í

gegnum Völu appið. Allar upplýsingar um hvernig á að virkja aðgang er að Völu má finna á heimasíðu leikskólans.

Heimasíðan okkar er <https://bbol.is>

Leikskólagjöldin

Leikskólagjöldin eru innheimt um hver mánaðamót. Inni í verðinu er fæðisgjald. Hægt er að kaupa auka $\frac{1}{4}$ eða $\frac{1}{2}$ gjald og geta þá foreldrar komið með og sótt barnið 15 mínútum fyrr eða síðar. Einnig er í boði að vera með sveigjanlega vistun. Heimilt er að fella niður fæðisgjald sé barn fjarverandi í eina viku eða lengur sé það tilkynnt leikskólanum skriflega með viku fyrirvara. Heimilt er að innheimta kortersgjald sé barn sótt of seint oft en þrisvar sinnum í sama mánuðinum. Gjaldskrána er hægt að sjá á heimasíðu leikskólans.

Bleyju áskrift

Leikskólinn býður upp á bleyju áskrift sem kostar 2400 krónur á mánuði og er rukkuð með leikskólagjöldunum mánaðarlega. Þá sér leikskólinn algjörlega um kaup á bleyjum og blautklútum.

Klæðnaður

Daglega þarf heilmikið af fatnaði þar sem veðrið er síbreytilegt hjá okkur. Á veturna þarf að hafa snjógalla, pollagalla, þykka peysu, vettlinga, ullarsokka, stígvél eða kuldaskó. Á sumrin fá vetrarvettlingar, ullarsokkar og snjógallar oftast að fara inn í skáp og kuldaskór fá að víkja fyrir strigaskóm.

Í kassanum þurfa líka að vera aukaföt þar sem ýmis óhöpp geta átt sér stað í leikskólanum sem eru þess valdandi að fötin blotni. Það getur komið fyrir að barnið pissi óvart í buxurnar, detti í poll eða blotni þegar það er að þvo sér um hendurnar. Þá er nú gott að hafa föt til skiptanna. Aukaföt er gott að geyma í plastkössum í fataklefa. Leikskólinn hefur ekki föt til að lána, hringt er í foreldra og þeir beðnir að koma með föt ef vantar.

Við leikskólakennararnir mælum með að börnin klæðist þægilegum fötum í leikskólanum sem gott er að hreyfa sig í og sem má láta á sjá eftir leik og starf í leikskólanum. Eins er gott ef fötin eru þannig að barnið geti bjargað sér sem mest sjálft við að girða upp um sig eða fara í skó. Eitt af því sem við leggjum áherslu á í leikskólastarfinu er að barnið læri að klæða sig sjálft og að reima, hneppa, renna eða smella. Það hjálpar til við að þjálfa sjálfsbjargarviðleitni og fínhyrfingar.

Fatamerkingar

Gleymið ekki að merkja allan fatnað. Það getur sparað ykkur peninga og okkur fyrirhöfn. Mjög auðvelt er að fá alls kyns límmiða og tilbúna merkimiða til að festa á fatnað.

Óhöpp og slys

Í barnahópi geta alltaf orðið slys eða óhöpp. Ef slíkt kemur fyrir er haft samband við foreldra ef ástæða þykir og farið með barnið til læknis ef með þarf. Kennarar fylla út slysaskýrslu ef óhapp verður. Langesbyggð greiðir fyrir fyrstu heimsókn til læknis en síðan greiða foreldrar/forráðamenn ef um fleiri heimsóknir er að ræða.

Foreldrafélagið

Við leikskólann er starfandi foreldrafélag og allir foreldrar barna verða sjálfkrafa félagar um leið og barnið byrjar í leikskólanum. Markmið félagsins er að efla tengsl foreldra og kennara og auka þátttöku foreldra í starfi leikskólans.

Foreldrafélagið hefur staðið fyrir ýmsum skemmtunum fyrir börnin, s.s. grillveislu að sumri og útivistardegi að vetri. Einnig hefur foreldrafélagið styrkt leikskólann til kaupa á ýmsum kennslugögnum og leikföngum. Aðalfundur foreldrafélagsins er haldinn á haustin ár hvert þar sem farið er yfir skýrslu stjórnar og ný stjórn kjörin sé óskað eftir því. Foreldrar eru hvattir til að hafa samband við stjórnina hafi þeir einhverjar ábendingar eða athugasemdir og alltaf eru góðar hugmyndir vel þegnar. Lög félagsins og allar frekari upplýsingar eru á heimasíðunni okkar.

Foreldraráð

Kjósa skal foreldraráð við leikskóla og skal leikskólastjóri hafa frumkvæði að kosningu í ráðið. Í foreldraráði sitja að lágmarki þrír foreldrar. Skal kosning til foreldraráðs fara fram í september á ári hverju og skal kosið til eins árs í senn.

Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi. Hægt er að sjá hverjir eru í ráðinu á heimasíðu skólans.

Opnunartími leikskólans

Leikskólinn er lokaður í 5 vikur á sumrin. Einnig er leikskólinn lokaður eins og grunnskólinn í kringum jólin og lokað er í Dymbilviku. Allar lokanir eru settar fram í skóladagatali fyrir hvert skólaár.

